

Fimmtudaginn 7. október 1999.

Nr. 53/1999.

Ragnar S. Ragnarsson

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Ríkisstarfsmenn. Biðlaun. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

R var tilkynnt um að staða hans hjá Í yrði lögð niður samhliða því að ný lög um grunnskóla nr. 66/1995 gengju í gildi 1. ágúst 1996. Talið var að staða R hefði ekki verið lögð niður fyrir en 1. ágúst 1996 og bæri því að miða réttarstöðu hans, að því er biðlaun varðaði, við lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem gengu í gildi 1. júlí sama árs. Í málinu væri óumdeilt að R hafði tekið við nýju starfi 1. ágúst 1996 og notið hærri launa en í starfinu sem var lagt niður. Uppfyllti hann því ekki skilyrði 2. mgr. 34. gr. laga nr. 70/1996 til biðlauna. Ekki var talið að sú breyting á rétti til biðlaunagreiðslna sem leiddi af lögum nr. 70/1996, að réttur til biðlaunagreiðslna réðist af launamismun eldra og nýs starfs, án tillits til þess hvort það væri hjá ríki eða öðrum aðila, bryti gegn mannréttindaákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Var staðfest niðurstaða héraðsdóms um að sýkna Í af kröfum R.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 12. febrúar 1999 og krefst hann þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 879.033 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 1. ágúst 1996 til greiðsludags, en til vara 441.989 krónur með dráttarvöxtum af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 1. ágúst 1996 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara lækunar á kröfum stefnda og niðurfellingar á málskostnaði.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Eins og fram kemur í niðurstöðu hans féllu lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins niður hinn 1. júlí 1996, er gildi tóku lög nr. 70/1996 um sama efni. Staða áfrýjanda sem sálfræðings við Fræðsluskrifstofu Suðurlands var ekki lögð niður fyrr en frá og með 1. ágúst 1996 og ber að miða réttarstöðu hans, að því er biðlaun varðar, við síðargreind lög. Samkvæmt 5. mgr. ákvæðis þeirra til bráðabirgða var áfrýjanda tryggður biðlaunaréttur vegna niðurlagningar stöðunnar í jafnlangan tíma og hann hefði átt samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954. Hins vegar var um bótarétt og bótafjárhæð á biðlaunatíma vísað til 34. gr. hinna nýju laga. Samkvæmt 2. mgr. hennar, sem hér á við, skyldu greiðslur á biðlaunatíma falla niður ef viðkomandi starfsmaður tæki við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en biðlaunatíminn væri liðinn ef nýja starfinu fylgdu jöfn eða hærri laun, en ef laun væru lægri skyldi greiða honum mismuninn til loka tímabilsins. Varð hér á sú breyting frá 14. gr. laga nr. 38/1954, að réttur til greiðslna á biðlaunatíma réðist af launamismun eldra og nýs starfs án tillits til þess hvort það var hjá ríki eða öðrum aðila.

Áfrýjandi tók hinn 1. ágúst 1996 við starfi sálfræðings hjá Skóla-
skrifstofu Suðurlands, sem rekin er sameiginlega af sveitarfélögum þeim, sem eru aðilar að Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga. Er óumdeilt í málinu að áfrýjandi nýtur þar hærri launa en í starfinu, sem lagt var niður, og uppfyllti því ekki skilyrði 2. mgr. 34. gr. laga nr. 70/1996 til að njóta launagreiðslna frá stefnda í sex mánuði eftir niðurlagningu stöðu hans, svo sem hann krefst.

Sú breyting, sem gerð var samkvæmt framansögðu á rétti til greiðslna á biðlaunatíma, þykir ekki þess eðlis að brjóti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Getur breytingin hvorki talist ómálefnaleg né ósanngjörn. Hún náði og jafnt til allra ríkisstarfsmanna, sem eins stóð á um, og verður ekki talin brot á jafnræðisreglu.

Að þessu athuguðu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms, verður hann staðfestur.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Ákvörðun um niðurlagningu á stöðu áfrýjanda sem starfs á vegum ríkisins var tekin með lögum nr. 66/1995 um grunnskóla, er gildi tóku 8. mars 1995 og skyldu koma að fullu til framkvæmda hinn 1. ágúst 1996, að áskildu samþykki Alþingis fyrir þann tíma við breytingum á tvennum lögum öðrum og setningu þriðju laganna, er fjalla skyldu um ráðningarréttindi kennara og skólastjórnenda við grunnskóla og tryggja þeim efnislega óbreytt ráðningarréttindi hjá nýjum vinnuveitanda. Réðst ákvörðunin einkum af ákvæðum VIII. kafla laganna um sérfræðisþjónustu við skólana. Átti afnám stöðunnar að fara fram á tilteknum fresti, sem stjórnvöld voru bundin við. Svo fór, að fresturinn var nýttur að fullu, og mun áfrýjandi hafa sinnt starfinu til lokadags. Ekki virðist ástæða til að efast um, að eðlileg nauðsyn hafi ráðið þeirri tilhögun. Hins vegar gerðist það á þessum fresti, að ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins tóku gildi, hinn 1. júlí 1996. Sýnist mál þetta í raun af því risið, að svo vildi til, en ákvæði laganna um afnám stöðu eru frábrugðin fyrri reglum í mikilsverðum atriðum.

Málið varðar rétt áfrýjanda til biðlauna á grundvelli þess, að staða hans var lögð niður. Í honum fólust áunnin réttindi, sem meta þarf í ljósi eignarréttarákvæða 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, ef því er að skipta. Um efni réttarins fór eftir lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þegar umrædd ákvörðun gekk í gildi, en af henni var áfrýjandi ekki síður bundinn en þau stjórnvöld, sem réðu nýtingu frestsins. Eðlilegt var að miða við, að rétturinn héldist í því horfi, hverju sem fram kynni að vinda um hraðann á framkvæmd grunnskólalaganna. Verður sú ályktun enn nærtækari þegar til þess er litið, að viðurkennt var og ákveðið við meðferð þeirra laga á Alþingi, að þörf væri á að fjalla um biðlaunarétt og starfsöryggi þeirra manna, sem lögin næðu til, sbr. fyrrnefndan áskilnað í 57. gr. þeirra. Var því og fylgt eftir með samþykkt laga nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, sem tóku gildi 1. ágúst 1996 og gerðu þannig kleift að ljúka framkvæmd grunnskólalaganna á tilsettum fresti. Með þessum sérstöku lögum var hinum fjölmenna hópi kennara og stjórnenda við skólana tryggður sami réttur við afnám stöðu hjá nýjum vinnuveitanda og hann

hafði áður notið hjá ríkinu eftir lögum nr. 38/1954. Af hálfu löggjafans var hins vegar ekki að gert um stöðu hins fámenna hóps sérfræðinga og fræðslustjórna, sem áfrýjandi heyrði til og hafði einnig lotið ákvæðum grunnskólalaganna. Hefur stefndi ekki sýnt, svo sem málið liggur fyrir, að í því hafi mismunun ekki verið fólgin.

Við þessi atvik að því, hvernig staða áfrýjanda var lögð niður, verður að hafna því, að hann þurfi óátalið að sæta skerðingu á þeim biðlaunarétti hans, sem um var mælt í 14. gr. laga nr. 38/1954. Samkvæmt því er það álit mitt, að taka beri kröfu áfrýjanda til greina að undirstöðu til, en eftir úrslitum málsins eru ekki efni til að fjalla endanlega um fjárhæð kröfunnar. Jafnframt ber að ákveða honum hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. nóvember 1998.

I.

Mál þetta var höfðað með stefnu birtri 31. mars 1998 og dómtekið 20. þ.m. Stefnandi er Ragnar S. Ragnarsson, kt. 120559-4199, Lágengi 32, Selfossi. Stefndi er ríkissjóður Íslands, kt. 550169-2829, Arnarholmi, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.129.227 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sem reiknist af fjárhæðum og eftir tímabilum sem hér segir: Af 186.148 krónum frá 1. ágúst 1996 til greiðsludags, af 186.148 krónum frá 1. september 1996 til greiðsludags, af 186.148 krónum frá 1. október 1996 til greiðsludags, af 186.148 krónum frá 1. nóvember 1996 til greiðsludags, af 198.487 krónum frá 1. desember 1996 til greiðsludags og af 186.148 krónum frá 1. janúar 1997 til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 565.842 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sem reiknist af fjárhæðum og eftir tímabilum sem hér segir: Af 186.148 krónum frá 1. ágúst 1996 til greiðsludags, af 186.148 krónum frá 1. september 1996 til greiðsludags, af 186.148 krónum frá 1. október 1996 til greiðsludags og af 7.398 krónum frá 1. desember 1996 til greiðsludags.

Einnig krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins og að við ákvörðun málskostnaðar verði litið til þess, að stefnandi hafi ekki frádráttarrétt á móti virðisaukaskatti, sem hann þurfi að greiða af þóknun lögmanns síns.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að mati dómsins, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og að málskostnaður verði látinn falla niður.

II.

Stefnandi réðst til starfa þ. 1. október 1992 hjá Fræðsluskrifstofu Suðurlands sem deildarsálfræðingur, en varð síðar yfirsálfræðingur. Í ráðningarsamningi var kveðið á um þriggja mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest. Stefnandi gegndi stöðunni til 1. ágúst 1996, er ríkið lagði niður alla starfsemi fræðsluskrifstofa, samtímis því að ný lög um grunnskóla nr. 66/1995 komu að fullu til framkvæmda.

Í bréfi fræðslustjóra Suðurlandsumdæmis til stefnanda, dags. 1. október 1995, sem hann sendi að fyrirlagi menntamálaráðuneytisins, segir, að lög nr. 66/1995 muni koma að fullu til framkvæmda 1. ágúst 1996. Þau verkefni, sem fræðsluskrifstofur annist sem ríkisstofnanir, muni frá þeim tíma vera á höndum sveitarfélaga, svo og ráðning starfsmanna til að sinna þeim. Samkvæmt því verði staða stefnanda lögð niður frá og með 1. ágúst 1996 „og yður því hér með tilkynnt um starfslok þann 31. júlí 1996“.

Í bréfi menntamálaráðherra til stefnanda, dags. 11. júlí 1996, segir:

„Þar sem starf yðar verður lagt niður eftir gildistöku nýrra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, hinn 1. ágúst 1996, telur ráðuneytið rétt að gera yður grein fyrir þeim lagaákvæðum sem fara skal eftir við greiðslu biðlauna til yðar.

Um biðlaunarétt yðar fer skv. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996. Samkvæmt því er biðlaunarétturinn sá sami og var skv. eldri lögum nr. 38/1954 nema hvað varðar bótarétt og bótafjárhæð, sem fer skv. 2. mgr. 34. gr. l. nr. 70/1996 ...“

Í stefnu segir, að stefnanda hafi aldrei með beinum, formlegum hætti verið sagt upp starfi sínu hjá Fræðsluskrifstofu Suðurlands.

Stefnanda var ekki boðið annað starf á vegum ríkisins. Með samningi 15. júlí 1996 var hann ráðinn frá 1. ágúst s.á. í starf sálfræðings við Skólaskrifstofu Suðurlands, sem er rekin sem byggðasamlag af aðildarsveitarfélögum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, og hefur gegnt þeim starfa samfellt síðan. Svofelld bókun var lögð fram í þinghaldi af hálfu stefnanda: „Í tilefni af áskorun stefnda um að stefndi leggi fram launaseðla skal upplýst að stefnandi hefur frá upphafi haft hærri laun í núverandi starfi sínu heldur en hann hafði í fyrra starfi sínu hjá Fræðsluskrifstofu Suðurlands. Á hitt ber að líta að störfin eru ekki að öllu leyti sambærileg, þar sem verkefni stefnanda í hinu nýja starfi eru mun meiri en þau voru í hinu fyrra starfi ...“

III.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að þegar ákvörðun var tekin um að leggja niður starf hans hjá Fræðsluskrifstofu Suðurlandsumdæmis hafi lög nr. 38/1954

um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verið í gildi, en samkvæmt 14. gr. þeirra laga hafi honum borið biðlaun úr ríkissjóði sem svara til sex mánaða fastra launa, er starfinu fylgdu.

Stefnandi hafði á þessum tíma 110.447 krónur í mánaðarlaun, og auk þess fékk hann greidda mánaðarlega fasta yfirvinnu, sem svaraði til yfirvinnukaups í 66 klukkustundir, 75.701 krónu. Samtals nema þessar fjárhæðir 186.148 krónum, sem í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954 teljast föst mánaðarlaun hans á þessum tíma. Auk þess gerir hann kröfu um desemberuppbót á vangreidd biðlaun. Stefnandi greiddi stefnanda 1. desember 1996 desemberuppbót, sem svaraði til launa hans hjá stefnda fyrstu sjö mánuði ársins, en stefnandi krefst þess, að uppbótin verði greidd til viðbótar fyrir þá mánuði ársins 1996, sem kröfugerð hans varðar. Gjaldþagi var 1. desember 1996. Aðalkrafa stefnanda er, hvað þennan kröfufilið varðar, tölulega á því byggð, að stefnandi hafi átt að fá 29.651 krónu, en fengið 17.312 krónur. Mismunur þessara fjárhæða er 12.339 krónur, sem bætt er við önnur laun, sem kröfugerðin tekur til. Í varakröfu er við það miðað, að stefnandi hafi átt að fá 24.710 krónur í desemberuppbót, en fengið greiddar 17.312 krónur. Mismunur þessara fjárhæða er 7.398 krónur.

Stefnandi lítur svo á, að óumdeilt hljóti að vera, að starf hans við Fræðsluskrifstofu Suðurlands hafi verið lagt niður og biðlaunaréttur hafi orðið virkur vegna þess. Hins vegar fellst stefnandi ekki á þá lagatúlkun menntamálaráðuneytisins, að um bótarétt sinn og bótafjárhæð skuli fara eftir 2. mgr. 34. gr. laga nr. 70/1996, sbr. bráðabirgðaákvæði þeirra laga. Byggir stefnandi á því í málinu, að í þessu tilviki beri um uppgjör biðlauna hans að fara eftir eldri reglum um þetta efni, þ.e. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Stefnandi byggir á því, að biðlaun, sem hann gerir kröfu til í málinu, séu lög-ákveðnar bætur, sem ríkissjóði beri að greiða starfsmanni vegna niðurlagningar á stöðu hans.

Með gildistöku laga nr. 70/1996 hafi biðlaunaréttur þeirra, sem þá störfuðu hjá ríkinu og lögin taka til, verið skertur mjög verulega frá því, sem áður gildi. Þótt lagatextinn líti út fyrir að fela í sér almenna skerðingu að þessu leyti, telur stefnandi ljóst, að lagabreytingin hafi gagngert beinst að því að koma í veg fyrir, að tilteknir hópar ríkisstarfsmanna fengju notið þess réttar, sem eldri lög tryggðu þeim og þeir hafi áunnið sér með störfum sínum hjá ríkinu.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að biðlaunaréttur þeirra starfsmanna ríkisins, sem féllu undir lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954, séu sérstök réttindi, sem þeir hafi greitt fyrir óbeint með starfskjörum sínum hjá íslenska ríkinu, en þessi réttindi hafi þeim verið tryggð í 14. gr. laganna. Heldur stefnandi því fram, að þessi áunnu réttindi njóti verndar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995, og því sé og hafi verið óheimilt að skerða þau með almennum lögum.

Aðalkrafa stefnanda er á því byggð, að stefnanda hafi ekki verið sagt formlega upp starfi sínu og að biðlaunaréttur hans sé því sex mánuðir frá starfslokum hans á Fræðsluskrifstofu Suðurlands, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Varakrafa stefnanda er á því reist, að þó svo að hann hafi ekki fengið beint uppsagnarbréf beri við þær aðstæður, sem hér voru fyrir hendi, að líta svo á, að síðustu þrjú mánuðir hans í starfi hjá Fræðsluskrifstofu Suðurlandsumdæmis hafi verið uppsagnarfrestur samkvæmt ráðningarsamningi hans. Þegar uppsagnarfresturinn hafi byrjað að líða, hafi biðlaunatími hans einnig byrjað að líða, þar sem uppsagnarfresturinn sé samkvæmt túlkun dómstóla hluti biðlaunatímans, sbr. Hrd. 1995:2342. Stefnandi telur útilokað vegna hins tilvitaða stjórnarskrárákvæðis, að lagasetning, sem tekur gildi eftir að biðlaunaréttur hans sé orðinn virkur, geti hróflað við rétti hans til biðlauna út biðlaunatímabilið.

IV.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Réttur til greiðslu biðlauna hafi, samkvæmt lögum nr. 38/1954, verið miðaður við það tímamark, þegar látið var af starfi. Þar sem 14. gr. þeirra laga hafi fallið brott frá og með 1. júlí 1996, sbr. 55. gr. laga nr. 70/1996, og staða stefnanda verið lögð niður frá og með 1. ágúst sama ár, beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna af öllum kröfum stefnanda.

Ekki hafi verið tekin formleg ákvörðun um niðurlagningu stöðu stefnanda af þar til bærum aðila, fyrr en með bréfi ráðherra frá 11. júlí 1996. Varðandi bréf fræðslustjóra Suðurlandsumdæmis frá 1. október 1995 hafi ekki verið skylt að tilkynna um niðurlagningu stöðu eða leggja niður stöðu með fyrirvara. Unnt sé að tilkynna um niðurlagningu á stöðu sama dag og af verður eða hætta við áform um niðurlagningu allt til þess tíma. Því gildi um niðurlagningu stöðu þau lög, sem í gildi voru, er niðurlagning kom til framkvæmda.

Af hálfu stefnda er vísað til þess, að þ. 1. júlí 1996 hafi tekið gildi ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og hafi farið eftir 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í þeim um rétt stefnanda til bóta vegna niðurlagningar stöðu hans, en um bótarétt og bótafjárhæð eftir 2. mgr. 34. gr. sömu laga. Eru síðan færð að því rök, að ekki hafi verið uppfyllt skilyrði til biðlauna samkvæmt lögum nr. 70/1996.

Því er mótmælt, að réttur til launa við niðurlagningu stöðu eftir þeim reglum, sem áður giltu, þ.e. samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954, hafi notið verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar eða geti hafa talist eign í skilningi þess ákvæðis. Biðlaunaréttur hafi verið háður óvissu skilyrði um niðurlagningu stöðu og ekki verið afmarkaður sem eign í skilningi fjármunaréttar. Biðlaunarétti hafi í öndverðu verið ætlað það hlutverk að samsvara ríflegum uppsagnarfresti þeirra embættismanna, sem voru skipaðir eða ráðnir ótímabundið án sérstakra ákvæða um gagnkvæman uppsagnarfrest. Hafi löggjafanum verið heimilt að afnema eða breyta

rétti til biðlauna með almennum lögum. Telur stefndi ekki efni til að breyta mati löggjafans á því, hvornig fari um biðlaunarétt starfsmanna ríkisins. Þá hafi réttur til launa við niðurlagningu stöðu ekki orðið virkur vegna framlaga eða iðgjalda af neinu tagi og engin fjármunaréttindi tengd 14. gr. laga nr. 38/1954 verið skráð, haldið sérgreindum eða menn getað hagnýtt sér þau.

Þótt talið yrði, að réttur til launa við niðurlagningu stöðu hafi notið eignarrettarverndar stjórnarskrár, hafi löggjafanum verið heimilt að breyta þeim réttindum með almennum lögum. Verði talið, að í lögum nr. 70/1996 hafi falist skerðing á eign, hafi verið um að ræða almenna og málefnalega breytingu, sem hafi ekki komið sérstaklega niður á einstökum aðilum eða afmörkuðum hópum ríkisstarfsmanna og menn verði að þola bótalaust. Stefndi telur einnig, að líta verði svo á, að þótt talið verði, að biðlaunaréttur hafi notið verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, hafi í raun komið fullt verð fyrir þá breytingu, með því að ríkisstarfsmönnum sé, samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 70/1996, tryggður réttur til launa í sex eða tólf mánuði, hafi þeir ekki aflað sér nýs starfs með jafnháum eða hærri launum.

Því er mótmælt, að lög nr. 70/1996 hafi verið sett til þess að koma í veg fyrir, að tilteknir hópar ríkisstarfsmanna fengu notið áunnins biðlaunaréttar. Þá er því mótmælt sem röngu og órökstuddu, að ríkisstarfsmenn hafi greitt óbeint fyrir biðlaunarétt með starfskjörum sínum ótilteknum.

Með bréfi fræðslustjóra Suðurlandsumdæmis, dags. 1. október 1995, hafi stefnanda verið gert ljóst, að hann mætti vænta þess, að staða hans yrði lögð niður og hafi honum í raun verið gefinn riflegur uppsagnarfrestur og aðlögunartími, sem samsvari mun lengri tíma en 6 mánuðum. Beri því í ljósi tilgangs 14. gr. laga nr. 38/1954 og Hrd. 1995, bls. 2342, og Hrd. 1996, bls. 4043, að telja þann tíma allan til biðlaunatíma, sem enn fremur leiði til sýknu af kröfum stefnanda. Í tilvitnuðum dómum hafi ekki verið gerður greinarmunur á því, hvort starfsmaður hafi verið leystur undan vinnuskyldu í uppsagnarfresti eða ekki.

Til vara telur stefndi einungis skilyrði til að dæma stefnanda þriggja mánaða biðlaun. Dómkrafa stefnanda sætir andmælum um fjárhæðir, sem liggja henni til grundvallar, m.a. að því leyti, að rangt sé, að hann hafi notið 66 fastra yfirvinnutíma á mánuði. Launaseðlar, sem lagðir hafi verið fram, eða önnur gögn málsins beri ekki með sér, að stefnandi hafi samið um fastar yfirvinnugreiðslur. Samanlögð upphæð biðlauna eftir lögum nr. 38/1954 hefði verið 672.573 krónur (110.447 kr. í 6 mánuði auk desemberuppbótar að fjárhæð 9.891 kr.). Miðað við varakröfu væri samtala biðlauna 338.760 krónur (110.447 kr. í þrjá mánuði auk desemberuppbótar að fjárhæð 7.418 kr.).

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um dráttarvexti með vísun til 9. gr. og/eða 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 og telur einungis efni til að dæma þá frá dómsupp-sögu eða þingfestingu málsins.

V.

Stefnandi skýrði svo frá hér fyrir dómi, að í starfi sínu á Fræðsluskrifstofu Suðurlands hefði verið samið um ákveðinn fjölda yfirvinnutíma á ári, sem hefði verið deilt niður á vetrarmánuðina. Starfsfélagi hans þar, vitnið Ari Bergsteinson sálfræðingur, bar að samið hefði verið um 500 yfirvinnutíma á ári, sem hefði verið deilt niður á vetrarmánuðina. Vitnið Jón Hjartarson, sem var þá fræðslustjóri Suðurlandsumdæmis en forstöðumaður Skólaskrifstofu Suðurlands frá 1. ágúst 1996, kvað svo hafa verið um samið við stefnanda, að yfirvinna færi að jafnaði ekki yfir 50 tíma á mánuði að meðaltali yfir árið. Samkvæmt þessu var um að ræða „þak“ á yfirvinnu, en ekki fastar, umsamdar yfirvinnugreiðslur.

Í 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins var kveðið á um biðlaunarétt. Þar sagði í 1. mgr.: „Nú er staða lögð niður, og skal þá starfsmaður jafnan fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en í 12 mánuði, eigi hann að baki lengri þjónustualdur, enda hafi hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins.“ Samkvæmt 5. mgr. sömu greinar skyldi greiða starfsmanni, sem nyti launagreiðslna skv. 1. mgr. og tæki við lægra launuðu starfi í þjónustu ríkisins, launamismuninn til loka 6 eða 12 mánaða tímabilsins. Launagreiðslurnar skyldu hins vegar falla niður, ef hann tæki við starfi í þjónustu ríkisins, áður en liðinn var 6 eða 12 mánaða tíminn, og laun þau, sem fylgdu nýja starfinu, væru jöfn eða hærri en þau, er hann naut í fyrri stöðunni.

Lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins öðluðust gildi 1. júlí 1996. Við gildistöku laganna féllu brott lög nr. 38/1954. Í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða segir: „Sé starf lagt niður á starfsmaður, sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hefur undir lög nr. 38/1954, en telst ekki embættismaður skv. 22. gr. laga þessara, rétt til bóta er nemi launum í sex mánuði, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár, en ella í tólf mánuði. Að öðru leyti gilda um bótarétt og bótafjárhæð ákvæði 34. gr.“ Biðlaunaréttur samkvæmt 34. gr. laga nr. 70/1996 er hinn sami og var samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 að öðru leyti en því, að biðlaun skerðast, eða eftir atvikum falla brott, ekki einungis vegna launa, sem fylgja nýju starfi í þjónustu ríkisins á biðlaunátímanum, heldur einnig vegna launa, sem fylgja starfi í þjónustu annarra aðila.

Stefnandi lét af starfi sínu við Fræðsluskrifstofu Suðurlandsumdæmis frá og með 1. ágúst 1996 við það, að staða hans var lögð niður sem og starfsemi skrifstofunnar. Á því tímamarki einu gat réttur hans til biðlauna orðið virkur, að uppfylltum öðrum skilyrðum gildandi laga um það efni. Lög nr. 38/1954, sem stefnandi styður kröfu sína við, voru þá fallin úr gildi.

Sú fullyrðing stefnanda, að fyrrgreind breyting á biðlaunarétti hafi gagnert

beinst að því að koma í veg fyrir, að tilteknir hópar ríkisstarfsmanna fengju notið áunnins biðlaunaréttar, er örökstudd.

Þá er það ekki stutt rökum eða dæmum, að biðlaunaréttur á grundvelli 14. gr. laga nr. 38/1954 séu sérstök réttindi, sem starfsmenn ríkisins hafi greitt fyrir óbeint með starfskjörum sínum hjá íslenska ríkinu. Réttur stefnanda að þessu leyti var háður skilyrðum, hann tengdist ekki framlögum hans, og að öðru leyti eru eigi uppfylltar kröfur, sem gerðar eru um stofnun eignarréttar. Almenna lög-gjafanum var því heimilt að breyta réttindum þessum eftir málefnalegum og sanngjörnum sjónarmiðum, eins og gert var með lögum nr. 70/1996, án þess að það verði talið brjóta í bága við 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995.

Samkvæmt framanrituðu ber stefnanda ekki réttur til biðlauna, og verður aðalkrafa hans því ekki tekin til greina. Þar sem varakrafa hans er reist á sama grundvelli, en með þeirri breytingu, að uppsagnarfrestur skuli teljast hluti biðlaunátímans, verður heldur eigi á hana fallist.

Niðurstaða dómsins er samkvæmt þessu sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður falli niður.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð :

Stefndi, ríkissjóður Íslands, er sýknaður af kröfum stefnanda, Ragnars S. Ragnarssonar.

Málskostnaður fellur niður.
